

Aðalfundur SÍL

haldinn í Þórunnartúni 6, sunnudaginn 27. september 2015 kl. 15:00.

Viðstaddir voru fulltrúar frá sjö lúðrasveitum:

Atli Týr Ægisson, Finnbogi Óskarsson og Gréta Hauksdóttir frá Lúðrasveit Hafnarfjarðar, Jón Óskar Guðlaugsson frá Lúðrasveit Þorlákshafnar. Stefán Sigurjónsson frá Lúðrasveit Vestmannaeyja, Jóhanna Guðmundsdóttir og Lárus Halldór Grímsson frá Lúðrasveit Reykjavíkur, Jón Ingvar Bragason, Guðrún Helga Heiðarsdóttir og Helgi Baldvinsson frá Lúðrasveitinni Svan, Páll Pálsson frá Lúðrasveit Verkalýðsins og Hans Orri Straumland frá Brassbandi Reykjavíkur.

Lárus formaður setti fundinn. Páll var skipaður fundarstjóri og Finnbogi fundarritari.

Viðstaddir voru sammála því að löglega hefði verið boðað til fundarins.

Fundarstjóri rakti fyrirhugaða dagskrá fundarins skv. lögum SÍL.

Fundarstjóri gerði grein fyrir umsókn Brassbands Reykjavíkur um inngöngu í sambandið. Umsókninni var fagnað og fundarmenn samþykktu inngöngu BR með lófataki.

Skýrsla stjórnar

Lárus las skýrslu formanns fyrir síðustu tvö ár. Í henni kom fram að starf hefði verið með minnsta móti, en þó var stjórnarfundur í vor.

Á reikningum SÍL liggja tveir styrkir, frá STEFi og Menntamálaráðuneytinu, hálf milljón króna hvor. Styrkirnir eru eyrnamerkir verkefnum sem tengjast íslenskum lúðrasveitaverkum, skrásetningu þeirra og varðveislu. Lítið hefur verið unnið í þessum verkefnum en þó hafa nokkur verka Páls Pampichlers Pálssonar verið tölvusett.

Fram kom í máli Lárusar að ekki hefur verið skipulagt landsmót en að hugmyndir væru um að reyna að halda landsmót vorið 2016.

Jón Ingvar spurði út í styrkina. Í svari Lárusar kom fram að þeir eru 4-5 ára gamlir en enn hefur ekki verið gerð grein fyrir framkvæmd þeirra (né óskað eftir slíkri greinargerð). Þó má ljóst vera að lítil von er um frekari styrki frá STEF og MMR fyrr en búið er að gera það.

Finnbogi las fundargerð síðasta aðalfundar sem haldinn var í Þorlákshöfn 6. október 2013.

Engar athugasemdir voru gerðar við hana, nema hvað Jón Ingvar ítrekaði að Svanurinn teldi að ekki hefði verið löglega boðað til fundarins. Fram kom í máli fundarstjóra að búið væri að endurskoða og samþykkja reikninga sem lagðir voru fram óendurskoðaðir á aðalfundi 2013. Guðrún Helga spurði út í fundi SAMNAM og NOMU sem getið var um í fundargerðinni. Lárus svaraði því til að ekki hafa fengist styrkir til ferða á þá fundi undanfarin ár og því hefur enginn frá SÍL farið á fundina. SÍSL hefur ekki heldur sent fulltrúa að undanförunu.

Stefán lagði fram óendurskoðaða reikninga fyrir síðastliðin tvö reikningsár, þ.e.a.s. tímabilið 1. september 2013 til 31. ágúst 2015. Tekjur umfram gjöld á tímabilinu voru rúmar 30.000 kr. Eign SÍL í sjóði er um 1,6 Mkr, þar af um 1 Mkr vegna áðurnefndra styrkja. Reikningarnir

voru samþykktir með fyrirvara, en nýr gjaldkeri var hvattur til að láta endurskoða reikninga í tíma fyrir næsta aðalfund.

Lagabreytingar

Engar tillögur um lagabreytingar komu fram fyrir fundinn. Hins vegar var nefnt að mögulega væri ástæða til að fella út klausur um kjörbréf, svo og að kjósa mætti varamenn í stjórn, í þeim tilgangi að allar lúðrasveitir hefðu fulltrúa í stjórn og varastjórn. Mælt var til þess að þetta yrði athugað fyrir næsta aðalfund.

Tillögur um félagsgjöld

Páll stakk upp á að félagsgjald verði 10.000 kr. á hverja starfandi lúðrasveit en ekki yrði innheimt fyrir hvern starfandi féлага líkt og gert er ráð fyrir í lögum SÍL, og jafnframt að sveitir sem ekki eru starfandi og greiði því ekki félagsgjaldið haldi áfram aðild sinni að sambandinu en hafi ekki atkvæðisrétt á aðalfundi. Þessi tillaga var samþykkt samhljóða, og nýrri stjórn falið að innheimta félagsgjaldið fyrir áramót.

Kjör stjórnar og endurskoðenda

Fyrir lá að Lárus, Stefán og Margrét vildu ganga úr stjórn.

Skorað var á Pál að bjóða sig fram til formanns. Hann varð við þeirri áskorun. Engin mótframboð bárust og var hann kjörinn með lófataki.

Ólafur Þór Snorrason var ekki viðstaddur en hafði gefið til kynna að hann væri fánlegur til að taka að sér gjaldkerastarfið. Engin mótframboð bárust og var hann kjörinn með lófataki. Finnbogi gaf áfram kost á sér til ritarastarfa. Engin mótframboð bárust og var hann kjörinn með lófataki.

Guðrún Helga og Hans Orri buðu sig fram til stjórnarsetu. Engin mótframboð bárust og voru þau einnig kjörin með lófataki.

Jón Ingvar bauð sig fram sem skoðunarmann reikninga og Valgeir Geirsson var boðinn fram að sér fjarstöddum. Engin fleiri framboð bárust og því voru þeir kjörnir með lófataki.

Stjórn SÍL starfsárið 2015-2016 er því svo skipuð:

Fomaður: Páll Pálsson

Gjaldkeri: Ólafur Þór Snorrason

Ritari: Finnbogi Óskarsson

Meðstjórnendur: Hans Orri Straumland og Guðrún Helga Heiðarsdóttir

Skoðunarmenn reikninga: Jón Ingvar Bragason og Valgeir Geirsson

Önnur mál

Nokkur umræða varð um eignir SÍL, einkum nótur. Í fórum Svansins eru allnokkur sett af Leikandi létt og hvítu bók Ellerts. Einnig er þar læstur skjalaskápur í eigu SÍL. Vilborg er hugsanlega með lykilinn. Lárus hefur undir höndum eitthvað af tölvusettum nótum á pdf-formi, m.a. marsa eftir Árna Björnsson og hvítu bók Ellerts.

Spurt var um aðgengi að sameiginlegum nótum SÍL. Mögulega væri hægt að hafa aðgang að þeim á lokuðu svæði á heimasíðu SÍL. Nokkur umræða varð um eignarhald á verkum sem samin eru fyrir tiltekna lúðrasveitir eða pöntuð af þeim. Athuga þarf lagalegar hliðar nótnasölu, ekki síst út frá höfundarréttarmálum, og skoða þarf hverjir myndu halda utan um sölu og dreifingu nótna að íslenskum lúðrasveitarverkum og -útsetningum.

Fyrsta skrefið í að ná utan um þessi íslensku verk er að kalla eftir upplýsingum frá lúðrasveitunum um hvaða íslensk tónverk og útsetningar eru til hjá hverri sveit. Það er svo seinni tíma mál að semja um hvort verkin verði gerð aðgengileg öðrum sveitum, en nauðsynlegt er að tryggja varðveislu þeirra.

Páll lagði til að þær sveitir sem eiga ekki fulltrúa í stjórn fengju áheyrnarfulltrúa á stjórnarfundum, þar eð ekki er gert ráð fyrir kjöri varamanna í stjórn í nágildandi lögum SÍL. Að svo stöddu er reiknað með að formenn sveitanna verði áheyrnarfulltrúar, en að þeir geti valið annan í sinn stað. Góður rómur var gerður að þessari tillögu og var hún samþykkt.

Rætt var um samskiptamáta innan stjórnar SÍL. Ágætt er að halda við Facebook-grúppunni „Stjórn SÍL“ og hafa þar stjórnina og áheyrnarfulltrúa. Sú hugmynd var ítrekuð að nýta mætti Facebook-síðu landsmótsins 2013 fyrir SÍL. Lúðrasveit Þorlákshafnar var falið að endurskíra þá síðu. Aðeins hefur verið lappað upp á heimasíðuna en skorað var á nýja stjórn að láta endurhanna hana og auðvelda uppfærslur á henni. Hún er nauðsynlegur hlekkur í að auðvelda erlendum lúðrasveitum að komast í samband við íslenskar sveitir.

Ekki er talið gerlegt að halda landsmót haustið 2015 en nýrri stjórn er falið að skoða möguleika á halda landsmót 2016. Jón Ingvar stakk upp á að mögulega væri hægt að halda minni viðburð en helgarlangt landsmót, til dæmis eitt kvöld, e.k. mini-landsmót eða árshátíð.

Skýrslur lúðrasveitanna

Fulltrúar lúðrasveitanna gerðu munnlega grein fyrir starfinu.

LV: Eru að æfa fyrir Hallowe'en-tónleika 31. október. Nú eru 40-50 starfandi félagar. Palli var mjög ánægður með lúðrasveitamenn sem tóku þótt í Hinsegin dögum með LV.

BR: Halda tónleika með norsku brassbandi 10. október í Víðalínskirkju. Stefna á nýárstónleika í janúar. Venjulega eru 18-20 spilarar á æfingum.

LH: Halda Októberfest 10. október og tónleika í Víðistaðakirkju 28. nóvember. 35-40 félagar.

LR: Tónleikar um miðjan nóvember. 30-35 manns sem mæta á æfingar.

LP: Halda nýárstónleika í byrjun janúar. Fóru á lúðrasveitamót til Lettlands í sumar. Yfirleitt um 30 manns á æfingum, en nær 45 þegar allir eru taldir.

LS: Nýr stjórnandi: Carlos Caro Aguilera. 35-40 á æfingum. Hafa verið í söfnunarátaki vegna nýrra búninga. Fóru á Þjóðlagahátíð á Siglufirði í sumar og halda tónleika í Norðurljósum 25. nóvember. Ætla til Bad Orb 2016. Hafa verið á hrakhólum með húsnæði.

Fleira var ekki rætt og var fundi slitið kl. 16:50.

Finnbogi Óskarsson